

Framkvæmdastjórn sjúkrahúsanna í Reykjavík sameinuð

■ STJÓRNARNEFND SPÍTALANNA í Reykjavík hefur ákveðið að Landspítalinn og Sjúkrahús Reykjavíkur skuli lúta einni framkvæmdastjórn og hafa einn lækningaforstjóra og einn hjúkrunarforstjóra. Heilbrigðisráðherra fól nefndinni og forstjóra sjúkrahúsanna að vinna að gerð nýs sameiginlegs skipurits fyrir sjúkrahúsin og ákvað stjórnarnefndin að því verki skyldi lokið fyrir 18. febrúar næstkomandi.

Í bréfi ráðherra kemur fram að markmiðið með þessum breytingum sé að bæta og einfalda stjórnkerfi sjúkrahúsanna og leita hagkvæmstu leiða varðandi skiptingu þeirra í rekstrareiningar. Í framhaldi af því setti stjórnarnefnd og forstjóri niður á blað nokkur meginatriði sem hafa skal að leiðarljósi við gerð nýja skipuritsins. Þar segir meðal annars að við undirbúning nýs stjórnskipulags sjúkrahúsanna verði hugað að þrífættu hlutverki þeirra, það er þjónustu við sjúka, kennslu og rannsóknum. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að lækningaforstjóri og hjúkrunarforstjóri skuli ráðnir af forstjóra að fenginni umsögn matsnefnda og stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Einnig segir í tillögunum:

„Stjórnskipulagið verði útfært með velferð sjúklinga að leiðarljósi, skilvirkni í störfum og hagkvæmni í rekstri. Í því sambandi verði lýst í hvaða starfseiningum sjúkrahúsanna, sviðum, skorum og deildum megi ná mestum árangri að þessu leyti og sett fram tíma- og verkáætlun um það. Sérstaklega verði hafðar í huga breytingar sem gera þarf á stjórnskipulagi og skipuriti sjúkrahúsanna vegna ákvarðana sem hafa nú þegar verið teknar um fjárhagslegt sjálfstæði tiltekinna eininga og þjónustusamninga við aðrar.“